

## **Prettáandi fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 8. desember 2016 kl. 20:00**

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Breiðablik – gestastofa. **Oddviti fór yfir fyrstu drög að þarfagreiningu á nýtingu heimamanna á Breiðabliki. Samþykkt samhljóða að oddviti og ritari hreppsnefndar vinni málið áfram með Margréti Björk og fyrir næsta hreppsnefndarfund verði síðan haldinn íbúafundur þar sem íbúum gefst tækifæri á að kynna sér málið og koma með sína sýn á verkefnið. Á næsta hreppsnefndarfundu tekur hreppsnefnd síðan ákvörðun um framhaldið.** Annaar liður færður aftur.
3. Þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. **Samþykkt samhljóða.**
4. Erindi frá Bjarna og Ástu Stakkhamri þar sem farið er fram á styrk vegna varmadæluvæðingar að Stakkhamri 3. **Afgreiðslu frestað, málið þarfnast nánari athugunar.**
2. Brunavarnaráætlun lögð fram og farið yfir brunavarnir í sveitarfélaginu. **Gunnlaugur Júlíusson sveitarstjóri Borgarbyggðar og Bjarni Þorsteinsson komu inn á fundinn. Bjarni fer yfir mál undanfarinna ára og fleira um brunavarnir. Gunnlaugur fór yfir stöðuna frá sínum bæjardryrum. Málin rædd ýtarlega og þarf að halda áfram. Brunavarnaráætlun Borgarbyggðar, Skorradalshrepps og Eyja og Miklaholtshrepps lögð fra. Samþykkt samhljóða.**
5. Drög að stofnsamning Byggðasamlags Snæfellinga bs. **Farið yfir málin.**

Mál í vinnslu:

6. Farið yfir heimasíðu hreppsins. Kynning á endurbættri heimasíðu sveitarfélagsins.
7. Verkefnið betri plön og ljósastaurar. **Ákveðið að opið verði fyrir umsóknir vegna verkefnisins betri plön og ljósastaurar fram að áramótum 2016-2017 og þar með er verkefninu lokið.**

Lagt fram til kynningar:

8. Úrskurður um sorpgjöld Akranesi
9. Greiðsla sveitarfélaga til HeV 2017
10. Bréf heilbrigðisnefndar og varðar fjárhagsáætlun Hev
11. 139 fundur heilbrigðisnefndar vesturlands
12. Opinber útgáfa fundargerðar 162. Fundar félagsmálanefndar Snæfellinga
13. Drög að fjárhagsáætlun fatlaðra fss
14. Fjárhagsáætlun fss almenni hluti

15. Fundargerð 87. Stjórnarfundar FSS

16. 127. Fundur stjórnar SSV

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir ( sign )

Atli Sveinn Svansson 8 sign )

Halldór Jónsson ( sign )

Gísli Guðmundsson ( sign )

Eggert Kjartansson ( sign )